



Vottorð vegna COVID-19 tekin gild við landamæri

Núgildandi reglur gera ráð fyrir að allir sem koma frá áhættusvæðum m.t.t. COVID-19 til Íslands fari í 14 daga sóttkví eða velji skimun við landamærin.

Frá og með 19.8.2020 innifelur skimun, sýnatöku við landamærin og aftur 5 dögum síðar ef fyrsta sýni er neikvætt. Á milli fyrstu og annarrar sýnatöku þarf þá að fylgja reglum um sóttkví. Ef seinna sýnið er neikvætt er sóttkví aflétt.

Eftirfarandi vottorð eru tekin gild við komu til landsins og er þá sóttkví og sýnataka undanþegin:

- Staðfesting á fyrri COVID-19 sýkingu á Íslandi og afléttingu einangrunar, á grundvelli ætlaðs ónæmis fyrir SARS-CoV-2. Framvísa þarf læknisvottorði eða staðfestingu frá sóttvarnalækni.
- Staðfesting um mótefnamælingu á vegum Landspítala, Íslenskrar erfðagreiningar eða annarrar rannsóknarstofu hérlendis ef mótefni eru til staðar, á sama grundvelli. Framvísa þarf læknisvottorði eða staðfestingu frá sóttvarnalækni (aðeins mælingar hjá Íslenskri erfðagreiningu).